

STARFSREGLUR STJÓRNAR

Inngangur

Reglur þessar eru settar af stjórn Arctica sjóða hf. („**Rekstraraðili**“ eða „**félagið**“) á grundvelli 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélag, 5. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og 2. mgr. 17. gr. samþykktu félagsins. Ennfremur, þó að rekstraraðilar sérhæfðra sjóða séu ekki fjármálafyrirtæki,¹ þá var höfð hliðsjón af 4. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, leiðbeinandi tilmælum („**LT**“) Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („**FME**“) nr. 1/2010, um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og viðmiðunarreglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti nr. EBA/GL/2021/05 („**Viðmiðunarreglur EBA**“). Reglur þessar taka jafnframt mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefin voru út fyrir tilstuðlan Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins í febrúar 2021 („**Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja**“).²

I. KAFLI – ALMENN ATRIÐI

1 Almenn

- Tilgangur reglna þessarra er að ákvarða verkaskiptingu stjórnar Rekstraraðila sem og önnur störf hennar og samskipti. Reglum þessum er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála, vandaða, skýra og óháða málsmeðferð, auka trúverðugleika og stuðla að óhlutdrægni og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins.³
- Um ábyrgð, vald og störf stjórnar félagsins fer að öðru leyti en greinir í reglum þessum samkvæmt lögum um hlutafélag, lögum um ársreikninga, lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lögum um fjármálafyrirtæki og öðrum lögum, auk samþykktu félagsins og öðrum reglum og stefnum félagsins.

II. KAFLI – STJÓRNARMENN

2 Hæfi

- Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði laga og reglna.^{4,5} Þannig skulu stjórnarmenn t.d. vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa ekki verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum, hafa gott orðspor og hafa ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt lögum. Auk þess skulu stjórnarmenn búa yfir fjölbreyttri reynslu og sameiginlega búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem Rekstraraðili stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti.⁶ Samsetning stjórnar skal vera í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins, þróunarstig þess og aðra viðeigandi þætti í rekstri þess og

¹ Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða eru eftirlitsskyldir aðilar, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

² Sjá 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

³ Sjá 4. mgr. I. kafla LT FME nr. 1/2010.

⁴ Almennt hæfi.

⁵ Sjá 52. og 52. gr. a. laga nr. 161/2002, 2. gr. reglna FME nr. 150/2017, um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, og lið 33 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁶ Sjá 4. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 og liði 24 - 25, 56 - 65 og 66 - 71 í viðmiðunarreglum EBA/ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja nr. EBA/GL/2021/06 („**Hæfisreglur EBA**“). Gildissvið Hæfisreglna EBA nær ekki til rekstraraðila sérhæfðra sjóða, en rétt þykir að hafa hliðsjón af þeim með sama hætti og Viðmiðunarreglum EBA. Meðal áhættuþátta eru áhættur tengdar peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og áhættur tengdar umhverfi, félagslega bætti og stjórnarhætti (UFS).

- umhverfi, og skal stjórnin bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu og skal stefnt að því að kynjahlutföll í stjórn séu sem jöfnust.⁷
- 2.2 Stjórnin skal árlega, og oftár ef tilefni er til, meta hvort stjórnin sem heild og sitjandi stjórnarmenn uppfylli hæfisskilyrði og jafnframt meta hæfi frambjóðenda til stjórnar.⁸
- 2.3 Ef stjórnarmann brestur almennt hæfi til að sinna stjórnarsetu skal hann skilyrðislaust víkja sæti og varamaður taka sæti hans ef hans nýtur við. Varamaður heldur sæti sínu til næsta aðalfundar er kosið verður í stjórn.
- 2.4 Stjórnarmenn skulu starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku og vera sjálfstæðir í hugsun til þess að geta með skilvirkum hætti metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku framkvæmdastjóra.⁹
- 2.5 Stjórnarmenn skulu víkja af fundi séu þeir vanhæfir til að fjalla um mál og skal bóka það í fundargerð.^{10 11}
- 2.6 Einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri geta krafist þess að stjórnarmaður taki ekki þátt í umfjöllun um mál og fái ekki afhent gögn vegna vanhæfis til að fjalla um slíkt mál. Að sama skapi geta einstaka stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt og gögn afhent, telji þeir stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls. Stjórn ákveður hvort stjórnarmaður teljist vanhæfur.
- 2.7 Stjórn skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð Rekstraraðila, enda sé gætt að ákvæðum laga, s.s. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og að kröfum um áhættustýringu sé fylgt. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.¹²
- 2.8 Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála er varða viðskipti Rekstraraðila við eftirtalda aðila:¹³
- Þá sjálfa.
 - Fyrirtæki sem þeir eiga beinan eða óbeinan eignarhlut í.
 - Fyrirtæki sem þeir eru fyrirsvarsmenn fyrir, sitja í stjórn hjá eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í.
 - Aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega. Með persónulegum tengslum er auk fjölskyldutengsla átt við önnur tengsl sem geta valdið vanhæfi stjórnarmanns.
 - Samkeppnisaðila þeirra eða aðila þeim tengdum.
- 2.9 Séu stjórnarmenn vanhæfir til afgreiðslu mála skulu þeir ekki hafa aðgang að þeim gögnum og upplýsingum er varða það mál sem þeir eru vanhæfir til að fjalla um. Séu þeir aðilar sem greinir í grein 2.7 í viðskiptum við Rekstraraðila eða sjóða í rekstri félagsins, skulu um slík viðskipti gilda allar almennar starfsreglur félagsins svo og skulu þeir njóta sömu markaðskjara og aðrir viðskiptavinir njóta. Fjalla skal um slík viðskipti við starfsmenn félagsins af öðrum en stjórnarmönnum sjálfum, nema um sé að ræða persónuleg viðskipti innan venjulegra marka einstaklingsviðskipta. Ef brýn þörf er á beinum samskiptum stjórnarmanna vegna mála sem þá varða, t.d. í upplýsingaskyni eða í kynningum gagnvart þriðja aðila, skal það gert við framkvæmdastjóra félagsins eða í samráði við hann. Stjórnarmenn skulu ekki koma fram sem

⁷ Sjá grein 2.2.1 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og liði 29 - 34, 128 - 133 og 134 - 142 í Hæfisreglum EBA.

⁸ Sjá grein 2.3.5 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og liði 26 - 34, 149 - 152, 153 - 162 og 166 - 170 í Hæfisreglum EBA.

⁹ Sjá 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 og liði 24, 72 - 77, 80 og 82 - 85 í Hæfisreglum EBA.

¹⁰ Sérstakt hæfi.

¹¹ Sjá 1. mgr. II. kafla LT FME nr. 1/2010 og lið 119 í Viðmiðunarreglum EBA.

¹² Sjá 23. gr. laga nr. 45/2020 og 1. mgr. 55. gr. laga nr. 161/2002.

¹³ Sjá 2. mgr. 55. gr. laga nr. 161/2002, og 3. mgr. II. kafla LT FME nr. 1/2010. Sjá einnig lið 83 í Hæfisreglum EBA.

umboðsaðilar annarra gagnvart félaginu.

3 Óhæði

- 3.1 Leitast skal við að tryggja að meirihluti stjórnar sé óháður Rekstraraðila sem og a.m.k. tveir stjórnarmenn séu óháðir stórum hluthöfum, þ.e. þeim sem ráða yfir að lágmarki 10% af heildarhlutafé eða atkvæðavægi Rekstraraðila, einir sér eða í samstarfi við sér nátengda aðila.¹⁴
- 3.2 Stjórnarmaður telst ekki óháður Rekstraraðila ef eitthvert eftirtalinna atvika á við:¹⁵
- a Ef hann er eða hefur verið starfsmaður Rekstraraðila eða nátengdu félagi undanfarin 3 (þrjú) ár áður en hann tekur sæti í stjórn félagsins.¹⁶
 - b Ef hann þiggur eða hefur þegið verulegar greiðslur frá Rekstraraðila, nátengdu félagi eða daglegum stjórnendum þess, fyrir utan stjórnarlaun, t.d. sem ráðgjafi eða verktaki undanfarin 3 (þrjú) ár.¹⁷
 - c Ef hann er eða hefur verið síðastliðið ár, í umtalsverðum viðskiptum við félagið eða nátengd félög, t.a.m. sem viðskiptavinur, birgir eða samstarfsaðili, eða hefur mikilla annarra viðskiptahagsmuna að gæta í félaginu, hvort heldur persónulega eða í gegnum annað félag.
 - d Ef hann er einn af daglegum stjórnendum annars félags þar sem einn af stjórnarmönnum þess er daglegur stjórnandi í félaginu.
 - e Ef hann er, eða hefur verið undanfarin 3 (þrjú) ár, meðeigandi ytri endurskoðanda félagsins eða nátengds félags, eða starfsmaður sem tekið hefur þátt í ytri endurskoðun félagsins.
 - f Ef hann er tengdur nánnum fjölskylduböndum¹⁸ daglegum stjórnendum félagsins og/eða aðila sem nefndur er í staflíðunum hér að framan ef sá aðili er í beinum eða óbeinum viðskiptum við félagið og þau eru slík að umfangi að ekki er réttlætanlegt að telja stjórnarmanninn óháðan.
 - g Ef stjórn er kunnugt um einhver þau önnur atriði, þar sem hagsmunir stjórnarmanna og Rekstraraðila geta skarast verulega.
- 3.3 Stjórnarmaður telst ekki óháður stórum hluthöfum félagsins ef eitthvert eftirtalinna atvika á við um hann:
- a Ef hann hefur beint eða óbeint yfirráð yfir félaginu eða er stjórnarmaður hjá aðila sem hefur yfirráð yfir félaginu eða er í sambandi við slíkan aðila, sbr. a-, b- og f-liði í grein 3.2.
 - b Ef hann á stóran hlut í félaginu, er stjórnarmaður eða starfsmaður hjá aðila sem á stóran hlut í félaginu eða er í sambandi við slíkan aðila, sbr. a-, b- og f-liði í grein 3.2.
- 3.4 Stjórn skal sjálf árlega meta hvort sitjandi stjórnarmenn séu óháðir Rekstraraðila og stórum hluthöfum félagsins og jafnframt meta óhæði frambjóðenda til stjórnar. Skýra skal frá niðurstöðu í ársskýrslu félagsins og ef meirihluti stjórnar er ekki óháður félaginu skal vekja sérstaka athygli á slíku í ársskýrslu.¹⁹

¹⁴ Sjá greinar 2.3.1 og 2.3.3 í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Sjá einnig liði 84 og 91 í Hæfisreglum EBA.

¹⁵ Sjá Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

¹⁶ Félag telst nátengt ef félagið ræður yfir, hvort heldur beint eða óbeint, að lágmarki 10% af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í öðru félagi. Ef félagið ræður yfir 50% eða meira af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í öðru félagi, skal félagið teljast hafa óbein yfirráð yfir eignarhlutum síðarnefnda félagsins í öðrum félögum.

¹⁷ Við mat á hvort að greiðsla teljist veruleg, ber að líta til þess hvort greiðslurnar geti talist verulegar fyrir félagið sjálft sem og umræddan stjórnarmann, t.d. hvort þær hafi verið/séu talsverður hluti af tekjuöflun stjórnarmannsins.

¹⁸ Miðað skal við 2. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, þ.e. ef viðkomandi stjórnarmaður er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

¹⁹ Sjá grein 2.3.5 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og liði 147 - 148 í Hæfisreglum EBA.

4 Upplýsingagjöf stjórnarmanna

- 4.1 Til að stjórn sé unnt að meta hæfi stjórnarmanna samkvæmt grein 2 og óhæði stjórnarmanna samkvæmt grein 3, skulu bæði aðal- og varamenn í stjórn leggja fram allar þær upplýsingar sem stjórn metur nauðsynlegar til að framkvæma ofangreint mat.²⁰ Þá skulu stjórnarmenn tilkynna stjórn, svo fljótt sem auðið er, ef einhverjar þær breytingar verða á högum þeirra sem áhrif geta haft á mat stjórnar á hæfi þeirra eða sjálfstæði.²¹
- 4.2 Einstakir stjórnarmenn skulu upplýsa stjórn um aðila honum venslaða, þ.e. eftirtalda aðila:
- Maki, þ.m.t. aðila í staðfestri samvist og í skráðri sambúð.
 - Börn, þ.m.t. ættleidd börn og stjúpbörn.
 - Foreldrar.
 - Aðrir nánir fjölskyldumeðlimir, ef einhverjir.²²
 - Aðilar sem tengjast stjórnarmanni, maka og ófjárráða börnum hans²³, fjárhagslega eða geta með öðrum hætti valdið vanhæfi stjórnarmanns til meðferðar einstaks máls. Með fjárhagslega tengdum aðilum er átt við eftirtalda aðila:
 - Lögaðili, sem viðkomandi á að minnsta kosti 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðaréttar í.
 - Lögaðili, sem viðkomandi starfar hjá.
 - Lögaðili, sem viðkomandi gegnir stjórnarstöðu hjá.
- 4.3 Í ársskýrslu Rekstraraðila skulu birtar eftirfarandi upplýsingar um stjórnarmenn:²⁴
- Nafn.
 - Aldur.
 - Menntun.
 - Aðalstarf.
 - Starfsferilságrip.
 - Hvenær viðkomandi var fyrst kosinn í stjórn Rekstraraðila.
 - Önnur trúnaðarstörf, þ. á m. stjórnarseta í öðrum félögum.
 - Beinir og óbeinir eignarhlutir í Rekstraraðila.
 - Hvort viðkomandi hafi gert kaup- eða söluréttarsamninga við Rekstraraðila.
 - Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins sem og stóra hlutahafa í Rekstraraðila.
 - Önnur tengsl við Rekstraraðila sem lýst er í grein 3.2, séu þau fyrir hendi, og þá mat stjórnar á því hvort stjórnarmaðurinn teljist óháður.
- 4.4 Allar upplýsingar þær sem stjórnarmenn veita stjórn og félaginu á grundvelli greina 4.1 og 4.2, og ekki ber að birta samkvæmt grein 4.3, ber stjórn og félaginu að gæta fyllsta trúnaðar um.

²⁰ Sjá m.a. 2. mgr. II. kafla LT FME nr. 1/2010 og liði 145 - 146 í Hæfisreglum EBA.

²¹ Sjá liði 22 - 23 og 26 í Hæfisreglum EBA.

²² LT FME nr. 1/2010 talar um venslaða aðila og segir þá vera „nánir fjölskyldumeðlimir“, sem síðan segir að einkum sé átt við „maka, börn og foreldra“.

²³ Í úrskurði Persónuverndar frá 7. apríl 2011 kemur fram að FME krefjist ekki lengur að fá upplýsingar um hlutafjareign (yfir 10%) foreldra og barna (væntanlega fjárráða barna).

²⁴ Sjá lið 11 í grein 6.1.1, sbr. grein 2.3.6, í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

III. KAFLI – VERKASKIPTING OG FUNDARSKÖP

5 Verkaskipting stjórnar

- 5.1 Stjórn skiptir með sér verkum með kosningu formanns stjórnar. Aldursforseti stýrir kjöri formanns stjórnar. Einfaldur meirihluti ræður kosningu í stöður formanns. Nú falla atkvæði jöfn og skal þá varpa hlutkesti.

6 Boðun funda stjórnar

- 6.1 Formaður stjórnar, eða framkvæmdastjóri eða ritari stjórnar í umboði formanns, boðar fundi stjórnar. Boðun skal vera með tölvupósti, en stjórnarformaður getur vikið frá því telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Fundi skal halda eins oft og þurfa þykir, þó þannig að reglulegir fundir séu að jafnaði haldnir eigi sjaldnar en sex sinnum á ári. Nú kemur fram beiðni frá stjórnarmanni, framkvæmdastjóra eða endurskoðanda um boðun fundar og skal þá fund halda svo fljótt sem auðið er. Ef aðalmaður stjórnar tilkynnir forföll, þá skal boða varamann, sbr. grein 7.1, njóti hans við.
- 6.2 Dagskrá funda stjórnar ásamt viðeigandi fundargögnum skal að jafnaði senda út til stjórnarmanna með rafrænum hætti a.m.k. tveimur dögum fyrir boðaðan fund. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar í samráði við formann stjórnar. Fundir skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð Rekstraraðila nema annað sé sérstaklega ákveðið af formanni stjórnar ef aðstæður gefa tilefni til. Þó er heimilt að halda fundi með aðstoð fjarfundarbúnaðar og gilda almenn ákvæði reglna þessara um slíka fundi nema annars sé þar getið.

7 Lögmæti funda

- 7.1 Fundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna hið minnsta sækja fund eða varamenn þeirra. Varamenn skulu taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra, njóti þeirra við. Stjórnarmenn ákveða hvaða varamenn skuli taka sæti í sínum forföllum og þá eftir atvikum í hvaða röð.

8 Afgreiðsla mála

- 8.1 Formaður stjórnar stýrir fundum. Í fjarveru formanns stýrir aldursforseti fundum. Afl atkvæða ræður úrslitum kosninga og afgreiðslu mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Sé fundur eigi fullskipaður þarf ávallt a.m.k. tvö atkvæði til afgreiðslu einstakra mála. Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þess. Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega. Séu mál lögð fram á stjórnarfundi til kynningar getur slík kynning verið munnleg. Stjórnarmenn skulu geta þess á stjórnarfundi hafi þeir ekki getað kynnt sér gögn fyrir umræðu um einstök mál og skal það bókað í fundargerð.
- 8.2 Við sérstakar aðstæður er stjórnarformanni eða framkvæmdastjóra heimilt, í stað þess að boða stjórnarfund, að upplýsa stjórnarmenn milli funda um tiltekið mál með skriflegum hætti (þ.m.t. í tölvupósti) eða í síma, og fara fram á greiðslu atkvæða með samsvarandi hætti um slíkt mál. Í slíkum tilvikum skal leitast við að upplýsa og fá álit frá öllum stjórnarmönnum, eftir því sem aðstæður leyfa. Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli ákvæðis þessa skulu bókaðar í fundargerð á næsta stjórnarfundi til staðfestingar. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði reglna þessara eftir því sem við á.

9 Fundarseta annarra en stjórnarmanna

- 9.1 Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri skal þó víkja af fundi séu persónuleg málefni hans til umræðu eða ef hann er vanhæfur til að fjalla um viðkomandi mál, í samræmi við þær reglur er gilda um sérstakt hæfi stjórnarmanna. Stjórn

ákveður hvort og hvenær aðrir starfsmenn Rekstraraðila sitja stjórnarfundi. Formaður getur ákveðið að bjóða utanaðkomandi aðilum á stjórnarfundi til að kynna ákveðin mál er varða starfsemi félagsins.

10 Meðferð fundargagna

- 10.1 Gögn sem innihalda upplýsingar um viðskiptastöðu einstakra viðskiptavina Rekstraraðila eða viðskiptavina sjóða í rekstri Rekstraraðila skulu ekki send út fyrir Rekstraraðila. Slíkum gögnum skal einungis dreift til stjórnarmanna á fundum stjórnar og skulu stjórnarmenn skila þeim aftur til Rekstraraðila við lok fundar. Framkvæmdastjóri og/eða stjórnarformaður geta jafnframt ákveðið að stjórnarmenn skuli skila fundargögnum um einstök mál.
- 10.2 Gögnum sem dreift er til stjórnarmanna skulu lögð upp með fundargerð stjórnar eða tryggilega varðveitt með rafrænum hætti. Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum gögnum sem lögð eru fyrir stjórnarfundi, bæði fyrir og eftir stjórnarfundi, að teknu tilliti til annarra ákvæða reglna þessarar.

11 Fundargerðir

- 11.1 Stjórnarformaður skal sjá til þess að fundargerð sé rituð um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Heimilt er að fela starfsmanni félagsins eða regluverði að rita fundargerð. Í fundargerð skal m.a. skrá eftirfarandi:
 - a Nafn og kennitala Rekstraraðila.
 - b Hvar og hvenær fundur er haldinn, hvenær hann hefst og hvenær honum lýkur.
 - c Númer stjórnarfundar.
 - d Hverjir sitja fund.
 - e Bókun á því þegar utanaðkomandi aðilar koma inn á fund og þegar þeir yfirgefa fund.
 - f Dagskrá fundar.
 - g Fundargögn sem voru afhent eða sýnd fyrir eða á fundi.
 - h Stutta skýrslu um umræður á fundi og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
 - i Hafi ákvarðanir verið teknar á milli funda, skal tiltaka í fundargerð með hvaða hætti það var gert.
 - j Sjónarmið stjórnarmanns tengdar einstökum málum sé hann ósáttur við ákvarðanatöku meirihluta stjórnar.²⁵
 - k Fyrirspurnir stjórnarmanna á fundi og á milli funda ásamt svörum við þeim.
 - l Hvenær næsti fundur verður haldinn.
- 11.2 Hver sá, er rétt hefur til að sitja fundi stjórnar, hefur rétt til að láta bóka athugasemdir sínar og sérálit í fundargerð vegna málsmeðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Sérstaklega skal bóka í fundargerð ef stjórnarmaður hefur vikið af fundi vegna þess að hann var ekki hæfur til að fjalla um tiltekið mál og að hann hafi ekki fengið gögn eða upplýsingar vegna slíks máls, sbr. grein 2. Svör við fyrirspurnum stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptavini, sbr. grein 13.2, skulu bókuð í fundargerð.²⁶
- 11.3 Drög fundargerða skulu að jafnaði send stjórnarmönnum í tölvupósti innan 3ja daga frá lokum stjórnarfundar. Stjórnarmenn skulu svo fljótt sem kostur er koma á framfæri við fundarritara þeim athugasemdum sem þeir kunna að hafa við drögin. Stjórnarmenn sem sitja viðkomandi

²⁵ Sjá grein 3.2.2 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

²⁶ Sjá 1. mgr. II. kafla og a-lið III. kafla LT FME nr. 1/2010.

fund skulu staðfesta fundargerð með undirritun sinni ásamt framkvæmdastjóra og fundarritara. Þeir stjórnarmenn sem ekki sitja fund skulu árita fundargerðina og þannig staðfesta að þeim hafi verið sýnd fundargerðin og sé kunnugt um efni hennar. Þegar endanleg útgáfa fundargerðar liggur fyrir skal hún undirrituð rafrænt, en heimilt er að leggja hana fram til undirritunar á næsta stjórnarfund. Fundargerðum skal ætíð dreift til aðalmanna, auk þeirra varamanna sem sitja viðkomandi fund.

12 Ritun firma

- 12.1 Firma Rekstraraðila skal ritað í samræmi við samþykktir félagsins, eða í samræmi við undirskriftarreglur ef stjórn félagsins setur slíkar reglur.

IV. KAFLI – UPPLÝSINGAGJÖF OG ÞAGNARSKYLDA

13 Upplýsingagjöf

- 13.1 Eftirfarandi upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur Rekstraraðila skal framkvæmdastjóri leggja fyrir stjórn:

- a Hálfárslega skal leggja fram og kynna upplýsingar, skýrslu eða samantekt um rekstur Rekstraraðila.
- b Sex mánaða uppgjör skulu lögð fyrir stjórn eigi síðar en 2 (tveimur) mánuðum frá lokum uppgjörstímabils. Endurskoðuðu uppgjöri Rekstraraðila skal lokið fyrir lok apríl hvers árs.
- c Leggja skal fram upplýsingar um rekstur einstakra sjóða í rekstri Rekstraraðila, þannig að tryggt sé að farið sé yfir starfsemi hvers sjóðs eigi sjaldnar en árlega.
- d Ef við á skal innri endurskoðandi Rekstraraðila kynna stjórn starfsemi sína a.m.k. árlega.
- e Rekstraráætlun fyrir komandi rekstrarár Rekstraraðila skal lögð fyrir stjórn á síðasta ársfjórðungi hvers árs.

- 13.2 Stjórnarmenn skulu eiga rétt á öllum upplýsingum er varða rekstur Rekstraraðila eða sjóða í rekstri hans sem þeir telja nauðsynlegar til að rækja störf sín, þó þannig að stjórnarmenn skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum er snerta hag einstakra viðskiptavina félagsins. Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptavini skulu bornar upp á stjórnarfund. Einstökum stjórnarmönnum skal ekki heimilt að hafa samband við aðra starfsmenn félagsins en framkvæmdastjóra eða regluvörð í því skyni að afla sér upplýsinga. Svör við slíkum fyrirspurnum skulu kynnt stjórnarmönnum öllum og bókuð í fundargerð. Upplýsingar skal að jafnaði leggja fram fyrir stjórn með skriflegum hætti, nema stjórn samþykki annað. Upplýsingar sem stjórn kann að óska eftir aðgangi að, skal leggja fyrir, eða kynna stjórn, svo fljótt sem auðið er, frá því að beiðni kemur fram um upplýsingar. Stjórn tekur að öðru leyti afstöðu til túlkunar á upplýsingagjöfinni.²⁷

- 13.3 Við upphaf hvers kjörtímabils stjórnar skal fara sérstaklega yfir rekstur og starfsemi Rekstraraðila sem og skyldur og ábyrgð stjórnarmanna með nýkjörnum stjórnarmönnum og varamönnum.

14 Trúnaður og þagnarskylda

- 14.1 Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðað getur viðskipta- eða einkamálefni einstakra viðskiptavina Rekstraraðila. Þá skulu stjórnarmenn gæta trúnaðar um málefni Rekstraraðila sem þeir fá upplýsingar um vegna stjórnarsetu sinnar og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af stjórnarsetu. Almennt skal ekki fjalla opinberlega um umræður, ákvarðanir og

²⁷ Sjá a-lið III. kafla LT FME nr. 1/2010.

afgreiðslur einstakra mála hjá stjórn nema slíkt sé sérstaklega samþykkt af stjórn eða skylt sé að birta slíkar niðurstöður fundar.

V. KAFLI – VIÐSKIPTI

15 Viðskipti félagsins

- 15.1 Stjórn félagsins skal ekki taka þátt í ákvörðun um einstök viðskipti félagsins, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við efnahag félagsins eða innra skipulag Rekstraraðila kveði á um aðkomu stjórnar. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.²⁸

16 Viðskipti stjórnarmanna og fleiri aðila

- 16.1 Viðskipti stjórnarmanna, s.s. með fjármálagerninga, eru ekki bundin milligöngu Rekstraraðila. Stjórnarmenn skulu haga viðskiptum með þeim hætti að þau veki ekki tortryggni, eða séu til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika og orðstír þeirra eða félagsins. Óskir þessara aðila um viðskipti við félagið skulu afgreiddar með sama hætti og óskir annarra viðskiptavina og njóta ekki forgangs á nokkurn hátt.
- 16.2 Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og þeirra fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir, skal að jafnaði leggja fram fyrir stjórn, eða formann stjórnar, til samþykktar eða synjunar.²⁹ Afgreiðsla slíkra viðskiptaerinda skal vera í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.³⁰ Þá skulu stjórnarmenn að jafnaði, leita álits regluvörslu á viðskiptaerindum sínum og þeirra fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir, áður en Rekstraraðila er falið að annast viðkomandi viðskipti. Þrátt fyrir framangreint skal félaginu heimilt að afgreiða einstök viðskiptaerindi stjórnarmanna, án sérstakrar heimildar stjórnar, eða formanns stjórnar, enda uppfylli viðskiptin eftirfarandi skilyrði:³¹
- a Að kjör í viðskiptum taki mið af því sem almennt gerist á viðkomandi sviði og að ekki sé um sérafslætti eða sérkjör að ræða. Ennfremur að vænt þóknun vegna viðskiptanna nemi ekki hærri fjárhæð en ISK 10.000.000.
 - b Að viðskipti séu afgreidd á sama hátt og önnur sambærileg viðskipti ótengdra aðila.
 - c Að, ef um er að ræða kaup, sölu eða útgáfu nýrra fjármálagerninga útgefnum af sjóðum í rekstri Rekstraraðila, fjárhæð viðskiptanna sé lægri en ISK 100.000.000, ef viðskiptin tengjast atvinnustarfsemi/fjárfestingastarfsemi, en lægri en ISK 10.000.000 ef viðskiptin eru af persónulegum toga.
- 16.3 Þrátt fyrir að einstaka viðskipti uppfylli ofangreind skilyrði, skulu framkvæmdastjóri, lögfræðingur og regluvörður hafa heimild til að vísa til stjórnar einstaka málum telji þeir þörf á slíku.
- 16.4 Stjórnarmenn skulu upplýsa þá starfsmenn Rekstraraðila, sem þeir eiga í samskiptum við vegna fyrirhugaðra viðskipta þeirra eða fyrirtækja þeirra sem þeir eru í forsvari fyrir, um tengsl þeirra við Rekstraraðila. Viðkomandi starfsmönnum og félaginu sjálfu skal að jafnaði vera heimilt að upplýsa hugsanlega mótaðila í viðskiptum um framangreind tengsl, telji starfsmenn eða Rekstraraðili nauðsynlegt eða æskilegt að gera slíkt.

²⁸ Sjá 1. mgr. 55. gr. laga nr. 161/2002.

²⁹ Sjá 1. máls. 3. mgr. 55. gr. laga nr. 161/2002 og 1. mgr. V. kafla LT FME nr. 1/2010.

³⁰ Reglur FME nr. 247/2017, um fyrirgreiðslur fjármála fyrirtækis til venslaðra aðila, gilda ekki um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu vera hlutafélög skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. l. nr. 45/2020. Hlutafélög mega skv. 1. mgr. 55. gr. og 2. mgr. 104. gr. laga nr. 2/1995 ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu og ekki taka eigin hluti að veði ef það getur orðið til þess að þau eignist meira en 10% af eigin hlutafé. Þá mega hlutafélög skv. 1. mgr. 104. gr. sömu laga ekki veita tilgreindum tengdum aðilum önnur lán en venjuleg viðskiptalán eða setja tryggingu fyrir þá.

³¹ Sjá 2. máls. 3. mgr. 55. gr. laga nr. 161/2002. Sjá ennfremur V. kafla LT FME nr. 1/2010.

17 Viðskipti venslaðra aðila

- 17.1 Um lán og fyrirgreiðslur til venslaðra aðila gilda takmarkanir í lögum nr. 2/1995. Með vensluðum aðilum Rekstraraðila er átt við eftirfarandi aðila:³²
- a Stjórnarmenn, hvort sem þeir eru aðalmenn eða varamenn.
 - b Framkvæmdastjóri og framkvæmdastjórn.
 - c Lykilstarfsmenn.³³
 - d Nánir fjölskyldumeðlimir framangreindra aðila.³⁴
 - e Hliðstæðir aðilar ofangreindra aðila í dótturfélögum og tengdum félögum.
 - f Hluthafar sem eiga með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 5% af hlutafé Rekstraraðila eða teljast til eins af 10 stærstu hluthöfum þess.
 - g Fyrirtæki sem aðilar samkvæmt staflíðum a – f í grein 17.1 eiga a.m.k. 10% hlut í, starfa hjá eða gegna stjórnarstöðu hjá.
- 17.2 Innri endurskoðandi skal, ef við á, fara yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila eigi sjaldnar en árlega, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu.³⁵
- 17.3 Stjórn skal annað hvert ár fela ytri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslur til tengdra aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina og gefa rökstutt álit m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu (armslengdarsjónarmið). Í skýrslu ytri endurskoðanda skal m.a. koma fram um hvaða samanburðaraðila er að ræða í hverju tilviki.³⁶

VI. KAFLI – FRAMKVÆMDASTJÓRI

18 Stjórnun

- 18.1 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri Rekstraraðila og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum félagsins eða ákvörðunum stjórnar. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild stjórnar félagsins, nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóra ber að sjá um að rekstur félagsins sé í öllum greinum samkvæmt lögum, reglugerðum, samþykktum og ákvörðunum stjórnar, þ.m.t. samþykktum reglum og stefnum stjórnar félagsins.³⁷
- 18.2 Framkvæmdastjóra ber að hafa yfirumsjón með rekstri sjóða í rekstri Rekstraraðila, ásamt því að hafa eftirlit með daglegum stjórnendum sjóða í rekstri félagsins, þannig að sem best sé stuðlað að því að rekstur og starfsemi sjóða í rekstri félagsins sé ávallt innan ramma þeirra laga og reglna sem gilda um starfsemi þeirra og reglna þeirra sem félagið eða viðkomandi sjóðir sjálfir hafa sett um starfsemi sína.
- 18.3 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald Rekstraraðila sé fært í samræmi við lög og venjur og skal veita endurskoðendum félagsins allar þær upplýsingar sem þeir óska. Þá ber framkvæmdastjóra að sjá til þess að meðferð eigna félagsins og rekstur sé með tryggilegum hætti, í samræmi við stefnu félagsins, lög, reglur og góða viðskiptahætti. Framkvæmdastjóri skal enn fremur innleiða og starfrækja skilvirkt innra eftirlitskerfi í samræmi við ákvarðanir stjórnar.

³² Hafa skal hliðsjón af b-lið III. kafla LT FME nr. 1/2010.

³³ Lykilstarfsmenn eru skilgreindir í reglum stjórnar Rekstraraðila um hæfi lykilstarfsmanna Arctica sjóða.

³⁴ Með nánum fjölskyldumeðlimum er einkum átt við maka og jafnframt börn og foreldra (sbr. b-lið III. kafla LT FME nr. 1/2010) búi þau á lögheimili venslaðs aðila.

³⁵ Sjá 4. mgr. b-liðar III. kafla LT FME nr. 1/2010.

³⁶ Sjá 5. mgr. b-liðar III. kafla LT FME nr. 1/2010.

³⁷ Sjá 18. gr. samþykta Rekstraraðila og liði 28 - 31 í Viðmiðunarreglum EBA.

Þá ræður framkvæmdastjóri starfsfólk félagsins og veitir þeim lausn.

- 18.4 Framkvæmdastjóri skal a.m.k. ársfjórðungslega á stjórnarfundum gera grein fyrir helstu atriðum í starfsemi Rekstraraðila, sbr. grein 13.1, og hvernig ákvörðunum og stefnumótun stjórnar hefur verið framfylgt. Stjórn getur kallað eftir sérstökum skýrslum um rekstur félagsins telji hún ástæðu til.
- 18.5 Framkvæmdastjóri er talsmaður Rekstraraðila um öll rekstrarleg og viðskiptaleg málefni.
- 18.6 Framkvæmdastjóra er skylt að bera önnur verkefni sín sem eru ótengd störfum hans fyrir félagið undir stjórn félagsins til umfjöllunar.
- 18.7 Um hæfi framkvæmdastjóra gilda ákvæði 14. gr. laga nr. 45/2020.

VII. KAFLI – VERKEFNI STJÓRNAR

19 Verkefni stjórnarformanns

- 19.1 Stjórnarformaður félagsins ber meginábyrgð á verklagi stjórnar og að stjórn séu búnar bestu mögulegu starfsaðstæður. Stjórnarformaður skal halda öllum stjórnarmönnum upplýstum um málefni sem félaginu tengjast og skal stuðla að virkni stjórnar í allri ákvarðanatöku. Þannig skal stjórnarformaður:³⁸
 - a Stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestar starfsaðstæður.
 - b Tryggja að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins.³⁹
 - c Tryggja að stjórnin uppfæri, með reglubundnum hætti, þekkingu sína á félaginu og rekstri þess,⁴⁰ ásamt því að tryggja að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.
 - d Leitast við að stjórnarmenn fái viðeigandi leiðsögn um helstu þætti er varða stjórnun fyrirtækja og sérhæfðra sjóða, t.a.m. um lögbundnar skyldur þeirra og ábyrgð.
 - e Bera ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins.
 - f Halda öllum stjórnarmönnum upplýstum um málefni sem félaginu tengjast og hvetja til virkra skoðanaskipta innan stjórnar sem og á milli stjórnar og daglegra stjórnenda félagsins.
 - g Taka frumkvæði að gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnarinnar.
 - h Semja dagskrá stjórnarfunda, í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins, sjá um eða hafa milligöngu um boðun þeirra og stjórnun. Stjórnarformaður skal tryggja að stjórnarfundir gefi nægan tíma til umræðna og ákvarðanatöku, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.
 - i Fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnar innan félagsins og staðfesta innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
 - j Tryggja að stjórnin meti árlega störf sín og undirnefnda.
 - k Vera málsvari stjórnar og koma fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema stjórnin ákveði annað. Einnig að koma fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt framkvæmdastjóra, í samræmi við hefðir innan félagsins og eðli máls. Stjórnarmenn, aðrir en stjórnarformaður, skulu almennt ekki tjá sig við fjölmiðla eða snúa sér til almennings

³⁸ Sjá liði 35 - 39 í Viðmiðunarreglum EBA.

³⁹ Sjá liði liði 94 - 96 í Hæfisreglum EBA.

⁴⁰ Sjá liði liði 56 - 65 og 97 - 103 í Hæfisreglum EBA.

varðandi málefni félagsins, nema að fengnu samþykki stjórnarformanns.

- I Gera stjórn grein fyrir óvenjulegum eða mikilsháttar ákvörðunum sem framkvæmdastjóri hefur tekið án atbeina stjórnar.
- 19.2 Formanni stjórnar er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir Rekstraraðila en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem formanns stjórnar, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.⁴¹ Þrátt fyrir framangreint skal formanni stjórnar vera heimilt að vinna að því að fá hugsanlega viðskiptavinum í viðskipti við félagið. Það skal ekki vera hlutverk formanns stjórnar að sinna verkefnum sem samkomulag hefur náðst um að félagið taki að sér, hvort sem viðkomandi samkomulag hefur komist á fyrir milligöngu formanns stjórnar eður ei, nema stjórn samþykki slíkt í einstaka tilvikum. Við ákvörðun og framkvæmd verkefna sem formanni stjórnar er falið á grundvelli ákvæðis þessa skal í hvívetna gætt að gildandi reglum félagsins um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.
- 19.3 Formaður stjórnar skal reglulega og a.m.k. árlega upplýsa stjórn um þau önnur störf fyrir Rekstraraðila en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem formanns stjórnar sem stjórn hefur falið honum að sinna.

20 Verkefni stjórnar

- 20.1 Stjórn Rekstraraðila fer samkvæmt lögum nr. 2/1995, lögum nr. 45/2020 og samþykktum félagsins með æðsta vald í málefnum þess milli hluthafafunda.⁴²
- 20.2 Stjórn Rekstraraðila ber ábyrgð á starfsemi og stefnumótun félagsins. Stjórn ber að stuðla að viðgangi félagsins og hafa yfirumsjón með rekstri þess í heild, ásamt því að hafa eftirlit með daglegum stjórnendum félagsins. Stjórn skal tryggja að rekstur félagið sé ávallt innan ramma þeirra laga og reglna sem gilda um starfsemi þess og reglna þeirra sem stjórn hefur sett um starfsemi félagsins. Stjórn mótast almenna stefnu félagsins og skal annast um að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu horfi. Þá ber stjórn ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn félagsins, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.⁴³
- 20.3 Meðal verkefna stjórnar eru eftirfarandi ráðstafanir:⁴⁴
 - a Að boða til aðalfundar, og eftir atvikum til annarra hluthafafunda, í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar.⁴⁵
 - b Að ráða framkvæmdastjóra og veita honum lausn, ákveða laun og ráðningarkjör hans og verklýsingu að svo miklu leyti sem hún er önnur eða meiri en um getur í grein 18. Framkvæmdastjóri skal uppfylla skilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002.
 - c Að hafa skilvirkt eftirlit með að framkvæmdastjóri félagsins starfi eftir lögum og reglum.⁴⁶
 - d Að hafa til staðar virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist lögum og reglum.⁴⁷
 - e Að ráða innri endurskoðanda og veita honum lausn, sem og að tryggja sjálfstæði hans í starfi.⁴⁸
 - f Að leggja tillögu um kjör ytri endurskoðanda fyrir aðalfund.

⁴¹ Sjá 5. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

⁴² Sjá lið 19 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁴³ Sjá 2. mgr. 16. gr. samþykta Rekstraraðila, 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 og liði 20 - 21, 32 og 105 - 119, og eftir atvikum liði 120 - 128, í Viðmiðunarreglum EBA.

⁴⁴ Sjá m.a. liði 22 - 24 og 34 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁴⁵ Sjá 52. gr. b. laga nr. 161/2002.

⁴⁶ Sjá 3. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 og liði 141 - 151 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁴⁷ Sjá 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

⁴⁸ Sjá lið 174 í Viðmiðunarreglum EBA.

- g Að ákveða, að fenginni tillögu framkvæmdastjóra, ráðningu regluvarðar, eftir atvikum gefa út erindisbréf til handa regluverði,⁴⁹ og ábyrgðarmanns áhættustýringar,⁵⁰ eða eftir atvikum samþykkja útvistun verkefna þessara.
- h Að móta stefnu um höfuðþætti í stjórnskipulagi Rekstraraðila að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, sem eftir atvikum getur falið í sér stofnun nýrra tekjusviða eða deilda, sem og starfsemi í nýjum dótturfélögum.⁵¹
- i Að setja félaginu fjárhags- og/eða rekstraráætlanir.
- j Að hafa eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.⁵²
- k Að skilgreina mikilvægustu verkefni sín, markmið og stefnu félagsins og gera starfsáætlun um störf sín fyrir starfsárið. Í áætluninni skulu settar fram þær reglubundnu upplýsingar sem leggja skal fyrir stjórn, m.a. í samræmi við lög, reglur og tilmæli FME.
- l Að verja hæfilegum tíma til að fjalla um helstu áhættuþætti félagsins, samþykkja áhættustefnur, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar, þ.m.t. mörk fyrir helstu tegundir áhættu. Ennfremur að tryggja að nægjanlegum fjármunum og tíma sé varið í virka áhættustýringu og áhættumat þannig að innan félagsins sé yfirsýn yfir helstu áhættuþætti.⁵³
- m Að samþykkja reglur eða stefnu um regluvörslu félagsins, þ.m.t. um framkvæmd regluvörslu. Hafi útvistunaraðili regluvörslu sett sér fullnægjandi reglur eða stefnu um regluvörslu, þá má styðjast við hana að breyttu breytanda. Ennfremur að tryggja að nægjanlegum fjármunum og tíma sé varið í regluvörslu félagsins.⁵⁴
- n Að fara reglulega yfir einstaka þætti í starfsemi Rekstraraðila á fundum með lykilstarfsmönnum ef þörf þykir.
- o Að taka ákvarðanir um einstök viðskipti þegar heildarhagsmunir milli Rekstraraðila og viðskiptavinar teljast vera verulegir, enda sé gætt að ákvæðum laga, s.s. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.
- p Að taka ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra umboð til afgreiðslu slíkra mála, auk þess sem að framkvæmdastjóri getur afgreitt slík mál ef ekki er unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í þeim tilvikum skal framkvæmdastjóri tafarlaust tilkynna stjórn um afgreiðslu málsins.
- q Að fylgjast með því og tryggja eftir bestu getu að tilkynningar og upplýsingar sem félaginu ber að veita samkvæmt lögum og reglum séu réttar.⁵⁵
- r Að sjá til þess að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt og komið sé fram við þá á jafnræðisgrundvelli. Þannig skulu allir hluthafar hafa sama aðgengi að upplýsingum frá stjórn.
- s Að leggja fram tillögur um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða fyrir hluthafafund eða aðalfund Rekstraraðila að fenginni tillögu framkvæmdastjóra.
- t Að taka afstöðu til tillagna framkvæmdastjóra um stofnun eða yfirtöku nýrra sérhæfðra sjóða sem eiga að vera í rekstri félagsins.

⁴⁹ Sjá 3. tölul. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020.

⁵⁰ Sjá lið 174 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁵¹ Sjá liði 68 - 90 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁵² Sjá 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

⁵³ Sjá liði 94 – 98, 152 - 162 og 179 - 203 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁵⁴ Sjá liði 204 - 213 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁵⁵ Sjá 6. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

- u Að ákveða stofnun, kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum eða stofnunum sem Rekstraraðili á aðild að með sambærilegum hætti og teljast mikilvæg rekstri félagsins.⁵⁶
- v Að taka ákvörðun um samruna og slit Rekstraraðila, og, ef við á, í tilviki sérhæfðra sjóða í rekstri félagsins.
- w Að taka ákvörðun um afskriftir samkvæmt tillögum framkvæmdastjóra.
- x Að samþykkja starfskjarastefnu, leggja hana til við hluthafafund og hafa með henni eftirlit.⁵⁷
- y Að samþykkja stefnu um sjálfbærni Rekstraraðila og skrifleg viðmið um siðferði fyrir stjórn, stjórnendur og starfsmenn Rekstraraðila.⁵⁸
- z Að samþykkja stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur.⁵⁹
- aa Að samþykkja stefnu eða reglur um útvistun.⁶⁰
- bb Að samþykkja stefnu eða reglur um hæfi lykilstarfsmanna.⁶¹

20.4 Stjórnarmenn skulu:

- a Taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.
- b Hafa skilning á hlutverki stjórnar, hlutverki sínu og ábyrgð, ásamt því að hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um rekstur og starfsemi félagsins.⁶²
- c Hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins svo og skilning á því hvernig þeir eiga að haga störfum sínum í stjórninni til að stuðla að því að þessi markmið náist.
- d Óska eftir og kynna sér öll þau gögn og upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til að hafa fullan skilning á rekstri félagsins og til að taka upplýstar ákvarðanir.
- e Sjá til þess að til staðar sé innra eftirlit og að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt.
- f Fullvissa sig um að þess sé jafnan gætt að lögum, reglum og reglugerðum sé fylgt í rekstri.
- g Stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.
- h Koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og félagsins.
- i Hafa nægan tíma til að sinna starfi sínu af heilindum.⁶³
- j Tilgreina það í skriflegri yfirlýsingu til stjórnar ef ósætti er ástæða afsagnar stjórnarmanns.

20.5 Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að óháðri sérfræðiráðgjöf á kostnað Rekstraraðila telji þeir slíkt nauðsynlegt til að taka sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir sem tengjast stjórnarstörfum þeirra fyrir félagið.

⁵⁶ Sjá liði 68 - 90 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁵⁷ Sjá 79. gr. a. laga nr. 2/1995 og 2. málsl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 45/2020, þar sem segir: „Að minnsta kosti árlega skal fara fram óháð miðlægt innra mat á því hvort starfskjör samræmist starfskjarastefnu og verklagsreglum og öðrum viðmiðum sem stjórn hefur samþykkt varðandi starfskjarastefnu.“

⁵⁸ Sjá grein 2.9.1 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og liði 99 - 104 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁵⁹ Sjá grein 2.9.2 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og liði 109 - 110 í Hæfisreglum EBA.

⁶⁰ Sjá liði 91 - 93 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁶¹ Sjá liði 109 - 116 í Hæfisreglum EBA.

⁶² Sjá liði liði 56 - 65 í Hæfisreglum EBA.

⁶³ Sjá liði 39 - 46, og eftir atvikum liði 47 - 55, í Hæfisreglum EBA.

VIII. KAFLI – ÁRSREIKNINGUR

21 Gerð ársreiknings

- 21.1 Framkvæmdastjóri gerir drög að ársreikningi Rekstraraðila og ársskýrslu stjórnar. Framkvæmdastjóri gerir jafnframt drög að ársreikningi, og eftir atvikum ársskýrslu stjórnar, fyrir hvern sérhæfðan sjóð sem félagið rekur.⁶⁴
- 21.2 Drög ársreiknings eru lögð fyrir kjörna endurskoðendur Rekstraraðila sem setja athugasemdir sínar fram skriflega á skilmerkilegan hátt. Athugasemdir ásamt drögum að ársreikningi eru að þessu búnu lögð fyrir stjórn félagsins.
- 21.3 Þegar stjórn hefur farið yfir framlögð gögn og metið þau svo að þau gefi rétta mynd af starfsemi Rekstraraðila og eignastöðu, undirritar stjórn ársreikninginn ásamt fylgiskjölum. Framkvæmdastjóri undirritar sömu gögn. Telji stjórn eða framkvæmdastjóri eitthvað á vanta skal gengið eftir því áður en undirritun fer fram. Hið sama gildir um yfirferð, mat og undirritun gagna og ársreikninga sérhæfðra sjóða í rekstri félagsins, þó að teknu tilliti til þess ef viðkomandi sjóðir eru sjálfstæðir lögaðilar (t.d. samlagshlutafélag).
- 21.4 Ársskýrslur og reikningar eru síðan lagðir fyrir aðalfund.
- 21.5 Þessi gögn skulu send viðeigandi yfirvöldum innan tilskilinna tímamarka.

IX. KAFLI – ENDURSKOÐUN

22 Ytri endurskoðun

- 22.1 Skylt er að veita ytri endurskoðendum aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum Rekstraraðila. Stjórn skal jafnframt veita allar upplýsingar sem það getur látið í té.
- 22.2 Kjörnir endurskoðendur skulu skrá hvernig þeir vinna sína endurskoðunarvinnu og annað sem máli skiptir.
- 22.3 Endurskoðendur skulu sérstaklega gefa því gaum hvort ársreikningurinn og fylgiskjöl hans eru í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju og benda stjórn á hvort svo sé.
- 22.4 Ábendingar og athugasemdir sem endurskoðandi vill koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra skal bera fram skriflega og veita skal þessum aðilum hæfilegan frest til að svara.
- 22.5 Endurskoðendum er rétt og skylt að sitja fundi stjórnar þegar ársreikningur er á dagskrá. Þeir skulu þar einnig gefa álit sitt á ársreikningnum og fylgiskjölum hans. Formaður stjórnar getur einnig boðað endurskoðendur á aðra fundi stjórnar.
- 22.6 Endurskoðanda er skylt að veita FME upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar sé þess óskað. Endurskoðanda er enn fremur skylt að gera FME tafarlaust viðvart fá hann vitneskju um atriði eða ákvarðanir sem falla undir skilyrði 2. mgr. 45. gr. a. laga nr. 45/2020.⁶⁵

23 Innri endurskoðun

- 23.1 Stjórn Rekstraraðila skal skipa eða ráða innri endurskoðanda eða innri endurskoðunarfyrtæki⁶⁶ sem skal starfa óháð öðrum deildum í skipulagi Rekstraraðila, sem verður þannig hluti af skipulagi Rekstraraðila og þáttur í eftirlitskerfi félagsins.⁶⁷ Þeir sem taka að sér störf innri endurskoðunar skulu almennt uppfylla kröfur laga um fjármálafyrirtæki og/eða

⁶⁴ Sjá 45. gr. laga nr. 45/2020.

⁶⁵ Sjá 45. gr. a. laga nr. 45/2020.

⁶⁶ Sjá 3. tölul. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020

⁶⁷ Sjá 16. gr. laga nr. 161/2002 og liði 214 - 224 í Viðmiðunarreglum EBA.

verðbréfafyrirtæki.

- 23.2 Innri endurskoðun skal árlega gera stjórn og framkvæmdastjóra grein fyrir starfsemi sinni. Skylt er að taka þær athugasemdir sem innri endurskoðun metur mikilvægar fyrir á stjórnarfundum og færa til bókar. Innri endurskoðun hefur rétt til setu á stjórnarfundum þar sem athugasemdir hennar eru á dagskrá.

X. KAFLI – STJÓRNARHÆTTIR OG ÁRANGURSMAT

24 Stjórnarhættir

- 24.1 Birta skal árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu Rekstraraðila og skal koma fram hvernig félagið uppfyllir kröfur laga um stjórnarhætti og eftir atvikum reglur FME. Gera skal grein fyrir stjórnarháttum og starfskjarastefnu á vefsíðu félagsins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti.⁶⁸
- 24.2 Stjórn skal árlega endurmeta stjórnarhætti sína með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti og bregðast við með viðeigandi hætti ef þörf er á.⁶⁹
- 24.3 Birta skal árlega í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu Rekstraraðila ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif á félagið. Að lágmarki skal fjalla um stefnu félagsins í umhverfismálum, samfélagsmálum, starfsmannamálum, mannréttindamálum og spillingar- og mútumálum. Í umfjöllun skal komið inn á megináhættuþætti í rekstri félagsins sem líklegir eru til að hafa skaðleg áhrif á þessum sviðum og hvernig félagið tekst á við þá áhættu, sem og markmið félagsins tengd þessum stefnum, árangur félagsins í tengslum við þau markmið og áreiðanleikakönnunarferlið á þeim árangri. Gera skal grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum á vefsíðu félagsins.⁷⁰ Heimilt er að víkja frá grein þessari ef fullnægjandi grein er gerð fyrir þeim atriðum sem tilgreind eru í grein þessari í ársreikningi eða ársskýrslu móðurfélags Rekstraraðila.

25 Árangursmat

- 25.1 Stjórn skal, eigi sjaldnar en árlega, meta störf sín, verklag og starfshætti, hvort ástæða sé til þess að skipa undirnefndir stjórnar sem og framgang Rekstraraðila. Stjórn getur í því skyni notið utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar, eftir því sem stjórn metur nauðsynlegt hverju sinni. Við árangursmat skal stjórn leggja mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar. Niðurstöður árangursmats skal nota til að bæta störf stjórnar.
- 25.2 Stjórn skal, eigi sjaldnar en árlega, meta störf framkvæmdastjóra, og eftir atvikum stjórnenda einstakra sjóða í rekstri Rekstraraðila. Daglegir stjórnendur Rekstraraðila og sjóða í rekstri Rekstraraðila skulu að jafnaði ekki sitja fundi stjórnar meðan hún leggur mat á störf þeirra.

XI. KAFLI – UNDIRNEFNDIR

26 Stofnun undirnefnda

- 26.1 Stjórn skal heimilt að stofna undirnefndir til að fjalla um einstaka þætti í rekstri Rekstraraðila. Stjórn kys nefndarmenn undirnefnda og skipar formenn þeirra, en formenn skulu vera óháðir stjórnarmenn.⁷¹ Við stofnun undirnefnda samkvæmt grein þessari skal stjórn setja viðkomandi undirnefnd sérstakt erindisbréf,⁷² þar sem hlutverk og markmið nefndarinnar er skilgreint og þær reglur sem um störf hennar gilda að öðru leyti, þ.m.t um aðgang nefndarmanna að

⁶⁸ Sjá 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

⁶⁹ Sjá 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002. Stuðst er við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

⁷⁰ Sjá grein 6.2 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

⁷¹ Sjá liði 46 - 47 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁷² Eftir atvikum kann stjórn að samþykkja reglur eða stefnur sem kveða á um stofnun nefndar og eru þá viðkomandi regla eða stefna ígildi erindisbréfs.

nauðsynlegum upplýsingum.⁷³ Um sérstakt hæfi undirnefndarmanna gilda sömu reglur og um stjórn. Viðkomandi undirnefndir skulu setja sér málsmeðferðarreglur sem staðfestar eru af stjórn. Þá skulu undirnefndir árlega meta störf sín og störf nefndarmanna eftir fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi.

- 26.2 Hlutverk formanns undirnefnda stjórnar er að sjá til þess að viðkomandi nefnd gegni hlutverki sínum með skilvirkum og skipulögðum hætti á samt því að sinna leiðbeiningarhlutverki.
- 26.3 Undirnefndir stjórnar skulu tryggja að stjórnarmenn fái reglulega upplýsingar um helstu störf nefndanna og hafi þannig yfirsýn yfir starfsemi þeirra.⁷⁴

XII. KAFLI – STJÓRNARSETA Í DÓTTURFÉLÖGUM

27 Stjórnarmenn í dótturfélögum

- 27.1 Sé 5% af eigin fé Rekstraraðila eða meira bundið í ákveðnu dóttur- eða hlutdeildarfélagi skal stjórn taka ákvörðun um tilnefningu stjórnarmanna fyrir hönd félagsins í stjórn þess, en framkvæmdastjóra falin framkvæmd þess. Í öðrum tilvikum skal framkvæmdastjóri ákveða hvaða aðilar taka sæti í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarféлага Rekstraraðila. Framkvæmdastjóri skal árlega leggja fyrir stjórn lista yfir stjórnarsetu fyrir hönd félagsins. Stjórnarmenn skulu því aðeins taka sæti í stjórnnum dóttur- eða hlutdeildarféлага félagsins að slíkt sé ákveðið sérstaklega í stjórn og skal þá við slíka ákvörðun jafnframt fjallað um áhrif stjórnarsetunnar á eftirlitshlutverk stjórnarmannsins og nauðsyn þess að stjórnarmaðurinn taki sæti í stjórninni.⁷⁵ Sérhæfðir sjóðir í rekstri Rekstraraðila flokkast ekki sem dóttur- eða hlutdeildarfélag félagsins.

XIII. KAFLI – GILDISTAKA OG BREYTINGAR

28 Ýmislegt

- 28.1 Til breytinga á reglum þessum þarf samþykki meirihluta stjórnar. Uppfærðar reglur þessar skulu sendar FME.⁷⁶
- 28.2 Stjórn skal endurskoða reglur þessar reglulega.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 14. október 2022 og breytt þann 5. júní 2025.

⁷³ Sjá lið 60 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁷⁴ Sjá lið 56 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁷⁵ Sjá IV. kafla LT FME nr. 1/2010.

⁷⁶ Sjá 1. mgr. I. kafla LT FME nr. 1/2010.